



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
SÁLFRÆÐIDEILD



# SÁLFRÆÐI



# Sálfræði

Sálfræði er vísindagrein um huga, heila og hátterni. Greinin kemur við sögu svo til alls staðar þar sem huga þarf að mannlegum eiginleikum, líðan og samskiptum. Grundvöllur sálfræðinnar er fjölbreytilegt rannsóknastarf en greinin er víða hagnýtt, meðal annars í skólum, meðferðarstarfi og atvinnulífi.

## Grunnnám

- BS-nám í sálfræði (þriggja ára nám, 180 einingar)
- BS-nám í sálfræði, aðalgrein (tveggja ára nám, 120 einingar)
- BS-nám í sálfræði, aukagrein (eins árs nám, 60 einingar)

### BS-nám

BS-gráða veitir traustan grunn í helstu undirgreinum sálfræðinnar og opnar leiðir að fjölbreyttu framhaldsnámi hér- og erlendis, en hún veitir ekki starfsréttindi sálfræðings.

Í BS-náminu öllu er lögð áhersla á aðferð vísinda og gagnrýna hugsun. Drjúgur hluti námsins eru námskeið þar sem mikilvægar undirgreinar sálfræðinnar eru kynntar, s.s. þroskasálfræði, félagsleg sálfræði, persónuleikasálfræði, skynjunarsálfræði, klínísk sálfræði, hugfræði, atferlisgreining og lífeðlisleg sálfræði. Skilningur á rannsóknnum og kenningum í sálfræði er eflur sérstaklega í námskeiðum um aðferðafræði rannsókna, tölfræði, mælinga- og próffræði og í námskeiðum um sögu og eðli sálfræðinnar.

Í valnámskeiðum er gjarnan fjallað um hagnýtar undirgreinar, s.s. vinnusálfræði, íþróttasálfræði, klínísk barnasálfræði, heilsusálfræði, réttarsálfræði, öldrunarsálfræði auk annarra. Einnig geta nemendur í sálfræði tekið valnámskeið í öðrum deildum háskólans.

Í öllum námskeiðum eru verkefni sem reyna á margs konar færni við rannsóknir og fræðimennsku. Stúdentum í BS-námi gefst líka kostur á að gerast aðstoðarmenn í rannsóknnum kennara eða aðstoðarkennarar og búa sig þannig undir framtíðarstörf.

### Inntökuskilyrði

Allir sem útskrifast með stúdentspróf geta hafið BS-nám í sálfræði. Ekki er gerð krafa um stúdentspróf af sérstökum brautum enda tengist sálfræðin mörgum fræðigreinum. Æskilegt er að nemendur hafi gott vald á íslensku og ensku auk þess sem færni í stærðfræði nýtist vel í náminu. Í sálfræðinámi er gerð rík krafa um öguð og sjálfstæð vinnubrögð.

### Að BS-námi loknu

BS-próf veitir aðgang að framhaldsnámi, bæði fagnámi og rannsóknarnámi, í sálfræði og mörgum skyldum greinum. Fólk með BS-próf í sálfræði vinnur líka margvísleg störf á íslenskum vinnumarkaði – við kennslu, rannsóknir, stjórnun og starfsmannahald, umönnun og fleira.

Útskrifaðir nemendur segja gjarnan að öguð vinnubrögð, rannsóknarfærni, gagnrýn hugsun og bættur skilningur á hegðun fólks séu þau atriði úr náminu sem nýtast þeim best í starfi.







## Framhaldsnám

- MS-nám í hagnýtri sálfræði (tveggja ára nám, 120 einingar)
- Doktorsnám í sálfræði (þrjúggja ára nám, 180 einingar)

### MS nám í hagnýtri sálfræði

Námið skiptist í fjögur kjörsvið. Hægt er að taka starfsþjálfun sem hluta náms á öllum kjörsviðum. Hagnýt sálfræði er góður grunnur fyrir doktorsnám.

Námið er nátengt atvinnulífi og undirbýr nema fyrir fjölbreytileg störf, s.s. meðferð barna og fullorðinna, rannsóknir, stefnumótun, ráðgjöf og fleira.

#### Klínísk sálfræði

Námið er fræðilegt og verklegt. Það veitir nemendum réttindi til að starfa sem sálfræðingar á Íslandi, eftir að þeir hafa lokið náminu og 12 mánaða starfsþjálfun í kjölfar þess. Námið skiptist í tvær línur: *klínísk sálfræði fullorðinna* og *klínísk barnasálfræði*. Nemendur hljóta þjálfun í að takast á við sálfræðileg viðfangsefni, svo sem mat á sálrænum vanda og meðferð við honum. Þeir fá einnig þjálfun í rannsóknarvinnu. Í náminu er lögð áhersla á starfsþjálfun undir handleiðslu sálfræðinga, á stofnunum eins og Landspítala, þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar og Sálfræðiráðgjöf háskólanema sem rekin er af Sálfræðideild HÍ.

#### Megindleg sálfræði

Markmið kjörsviðsins er að þjálfar nemendur á sviði sálmælinga, aðferðafræði og gagnagreiningar. Sérfræðingar innan megindlegrar sálfræði geta sérhæft sig í þróun og mati sálfræðilegra prófa, kvarða, og spurningalista, í gagnaöflunaraðferðum, í tilraunasniðum og hönnun rannsókna eða í tölfræðilegri greiningu gagna.

#### Samfélag og heilsa

Kjörsviðið veitir þekkingu í rannsóknum á sviði samfélags-, félags- og heilsusálfræði. Fjallað er um mörg aðkallandi

viðfangsefni nútímans svo sem loftslagsvanda, lífsstíllsjúkdóma, fjölmenningsamfélög og samheldni í samfélögum. Nemendur fá markvissa þjálfun í beitingu sálfræðiþekkingar til þess að hafa áhrif á hegðun fólks til góðs og að mennta fagfólk sem getur unnið við ráðgjöf og rannsóknir, í stjórnáslu og á almennum vinnumarkaði.

#### Skólar og þroski

Markmið kjörsviðsins er að fylgja eftir brýnni þörf innan skólakerfisins fyrir fagfólk sem getur veitt ráðgjöf, stuðning og eftirfylgd við nemendur, kennara og foreldra á sviði námsörðugleika og þroskafrávika, hegðunar- og tilfinningavanda og áhættuþátta sem tengjast málþróun og læsi.

### Inntökuskilyrði

Umsækjendur um framhaldsnám í sálfræði þurfa að hafa lokið BS-prófi í sálfræði með góðum árangri.

Frekari upplýsingar um inntökuskilyrði á [www.sal.hi.is](http://www.sal.hi.is)

### Doktorsnám

Doktorsnám í sálfræði er þrjúggja ára 180 eininga nám að loknu MS-prófi. Það er rannsóknarnám þar sem nemendur vinna að rannsóknum í samstarfi við einhvern af fastráðnum kennurum Sálfræðideildar.

### Félagslíf

Anima, félag sálfræðinema, heldur uppi öflugu félagslífi þar sem nemendur hittast og gera sér glaðan dag. Félagið býður upp á vísindaferðir, persónuleika Animu, Íslandsmót sálfræðideilda HÍ og HR auk glæsilegrar árshátíðar. Einnig stendur Anima fyrir fræðsluvöldum um ýmis sálfræðileg efni og framhaldsnám erlendis.

Frekari upplýsingar má finna [www.anima.hi.is](http://www.anima.hi.is) eða [www.facebook.com/animasalfraedi](https://www.facebook.com/animasalfraedi)

## Heilbrigðisvísindasvið

Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands er í fararbroddi á sviði heilbrigðismála á Íslandi og gegnir lykilhlutverki í uppbyggingu íslenska heilbrigðiskerfisins með menntun heilbrigðisstarfsfólks.

Á Heilbrigðisvísindasviði er boðið upp á nám í sex deildum: Hjúkrunarfræðideild, Lyfjafræðideild, Læknadeild, Matvæla- og næringarfræðideild, Sálfræðideild og Tannlæknadeild.

### Rannsóknir og nýsköpun

Margir fremstu sérfræðingar þjóðarinnar í heilbrigðisvísindum koma að kennslu og rannsóknum á Heilbrigðisvísindasviði. Fjölmargar rannsóknastofnir starfa í tengslum við sviðið og áhersla er lögð á gæði, nýsköpun og framþróun.

### Öflug tengsl við atvinnulíf

Fjöldi framsækinnra fyrirtækja úr atvinnulífinu tengjast rannsóknum á Heilbrigðisvísindasviði. Vísindafólk við sviðið hefur öflug tengsl við atvinnulífið. Sem dæmi um samstarfsaðila má nefna Landspítala-Háskólasjúkrahús, Hjartavernd, DeCode, Össur, Alvogen, Matís, Heilsugæsluna og fjölda sprotafyrirtækja.

---

Skrifstofa Sálfræðideildar

Odda, 1. hæð · Sæmundargötu 2 · 101 Reykjavík · Sími: 525 4240, 525 5269 · Fax 552 6806 · saldeild@hi.is

[www.sal.hi.is](http://www.sal.hi.is)



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
SÁLFRÆÐIDEILD